

Þar sem ég vinn aðeins 62,5% úr starfsdegi, er kannski ekki raunhæft, að ég standi hér í dag. Betra hefði verið, að kona sem vinnur fullan starfsdag utan heimilis hefði tekið það að sér. En mér fannst ég ekki geta skorast undan því að koma hér fram, sem félagi í VR, þar sem í því félagi teljast <sup>um</sup> ~~taplega~~ þrjú þúsund konur og það flestar <sup>hafa</sup> með þau launakjör, að þær fengu fullar láglaunabætur, þegar þær voru reiknaðar út í haust. Við kvenmenn erum í meirihluta að höfðatölu innan VR, en þó eigum við aðeins tvær kynsystur í stjórninni, sem telur tólf manns. Undarlega er jafnrétti kynjanna háttað þar og ekki er ég viss um, að þær konur séu margar, sem treysta karlmönnum, sem lítt þekkja til starfa þeirra og vinnuaðstöðu, til að semja um laun sín, þótt slík aðferð hafi verið viðhöfð svo árum skiptir hjá okkur. Ætli hvini ekki í tálknunum á karlpeningnum í félaginu, ef hlutfallið innan stjórnarinnar snérist við?

2 Við hjónin eigum sex börn og þegar það fimmta fæddist fyrir fjórtán árum, komumst við alls ekki af fjárhagslega með eina fyrirvinnu og tókum þá það til bragðs, að ég gerðist fyrirvinna líka. Mér var það engin nauðung, þar sem ég hef alltaf litið svo á, að það ~~er~~ væri niðurlægjandi fyrir manneskjuna að verða að una því að láta aðra vinna fyrir sér. Auðvitað var okkur þetta ekki kleift nema til kæmi utanaðkomandi hjálp og hana fengum við ekki hjá opinberum aðilum heldur kom þar til góðs <sup>þau</sup> ~~þau~~ sem annaðist börnin í fjarveru minni, svo að börnin okkar fóru ekki á guð og gaddinn eins og sagt er.

2 Nú er það svo, þótt þeir séu margir sem loka augunum fyrir því og vilja ekki viðurkenna það, að þjóðfélagið okkar hefur breyst



þjódo.

berdís

LMKR 1042

2

mu

svo síðustu áratuginu, að ~~xxxxxxxx~~ ~~þú~~ þjölskylda launþega, sem getur komist af með tekjur einnar fyrirvinnu, fyrirfinnst varla en ef reynt er að benda þessum aðilum á það og eins þá staðreynd, að vinnan utan heimilis geti verið okkur komum einhvers virði (þar á ég við þá fullnægingu sem flestir njóta við að vinna vinnunnar vegna), þá eru rök þeirra þau, að svona ~~nokkuð~~ sé brot á öllum náttúrulögmálum. ~~xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx~~ ~~fólks~~ ~~xxxxxxxxxxxxxxxx~~. Konan og staða hennar í þjóðfélaginu er náttúrulögmál í augum þessa fólks.

2 Á morgnana er ég heima, sinni húsverkum, heimaverkefnum, sem ég þigg laun fyrir og annast fjögurra ára dóttur okkar. Klukkan kortér fyrir eitt leggjum við mæðgur af stað. Hún fer í leikskólann og ég í vinnuna en þar sem leikskólareglurnar eru þær, að ekki er tekið á móti börnunum fyrr en fimmtán mínútum fyrir eitt, verð ég ætíð of sein í vinnuna og hef slæma samvisku af. Strætisvagninn, sem ég þyrfti að fara með, er einmitt á leiðinni í bæinn fimmtán mínútur fyrir eitt.

2 Ég ætla að reyna að lýsa mánudegi á vinnustað mínum, þar sem það er minn KAFFIDAGUR. Ég byrja starf mitt á því að safna saman þeim gögnum, sem ég á að vinna úr. Vinna mín fælst í því að vera aðstoðarmanneskja við að reikna út uppmælingar fyrir iðnaðarmenn. Tíminn líður og fyrr en varir er klukkan að verða hálfþrjú og ég verð að hætta útreikningunum í miðju kafi og fara í kaffihitunina, leggja á borð fyrir sextán manns, skera niður meðlæti og tína til sykurl, mjólk, smjör og ost. Okkur konunum var sagt það við ráðningu okkar, að við þyrftum að taka að okkur kaffihitun og einhvern veginn fannst mér það liggja í orðunum, að ég fengi ekki starfið, ef ég gengi ekki orðalaust að þessu. Aldrei hef ég heyrt á það minnst, að karlmanni væru boðnir slíkir kostir við ráðningu í vinnu og



þjónu

kerfi

LMLR 10%

3

þur

undarlegast af öllu þykir mér, að þegar ætlast er til að við kunnum á margvísleg tæki (eins og ritvélar, reiknivélar, fjölritara o.fl.) ~~þá~~ þá skuli undirstaða ráðningar okkar í starf vera sú, að við séum jafnframt tilbúnar til að gerast matráðskonur á staðnum.

2 Kaffihitunin tekur mig hálf tíma og þá sest allur mannskapurinn við kaffiborðið og unír vist sinni vel utan stúlknanna tveggja sem eiga að svara í símann jafnt í kaffitímum sem á öðrum tímum vinnudagsins. Þegar allir hafa fengið nægju sína, þarf ég að þvo upp og ganga frá og þar með fýkur annar hálf tími af starfsdegi mínum sem þjálfaður skrifstofustarfskraftur.

3 Um daginn fórum við konur þess á leit á starfsmannafundi, að karlmennirnir, sem eru tíu talsins á móti okkur fimm (þar af eru þrjár okkar ekki í fullu starfi) tækju að sér að kaupa inn meðlætið, þar sem það væri í þágu okkar allra að fá þessa næringu (við greiðum sjálf kostnaðinn) en þeir fengust ekki til þess. Í þeirra augum eru bæði kaffihitunin og innkaupin kvennastörf.

~~Vinnudagsgjáningurinn er ekki~~

2 Mér fyndist athugandi fyrir samningamenn okkar í VR um kaup- og kjör, að þeir kynntu sér ~~þetta mál~~ þessi kaffihitunarmál almennt og ég efast ekki um að þeir kæmust að því, að þessi aðferð er viðhöfð á flestum fámennari vinnustöðum félagskvenna þeirra í dag. Mér finnst tími til kominn, að það verði gerð gangskör að því, að ekki sé litið á okkur konur sem fyrst og fremst matráðskonur á vinnumarkaðinum ekki síst, þar sem allar auglýsingar eftir okkur í störf hljóða upp á ýmis konar menntun, starfsþjálfun, skyldurækni, trúmennsku, samviskusemi og þar fram eftir götunum. Hvergi er minnst á það í þeim, að jafnframt sé verið að auglýsa eftir matráðskonu.



Þyðir.

Þerdis

LMCR 10½

4

mu

2 Vinnudegi mínum lýkur klukkan sex og þá hefjast hlaupin við að ná strætisvagninum til að komast sem fyrst heim til að hugsa um kvöldverðinn, sem er eina heita máltíð dagsins á heimili okkar, þar sem allir eru ýmist í skólum eða vinnu og koma því ekki heim í hádeginu. Við erum sjö í heimili núna. Þegar heim kemur bíða mín ótal störf, þótt heimilisfólkið reyni að hjálpa til eftir bestu getu.

2 Tími minn til félagsstarfa og tómstundaiðkna er sáralítill enda hef ég svo sannarlega oft fengið að heyra það utan að mér, að við konur hvorki nemnum né viljum taka þátt í félagsstörfum, stjórnámálum eða annarri starfsemi, sem karlmenn una sér við löngum.

2 Nú langar mig að gefa hér örlítið dæmi um laun okkar kvenna skv. samningum verslunarmanna og reyna að leiða í ljós hvaða áhrif menntun, verkþjálfun og starfstími hafa á þau. Eg tek fyrir 6. launaflokk. Í honum eru ritarar I og sérhæft starfsfólk með góða vörubekkingu og verkþekkingu. Byrjunarlaun eru: kr. 46.519 Laun eftir 7 ára starf: 54.047 Eins og allir vita, er einkaritarastarfið álitíð ákaflega sérhæft ábyrgðarstarf og áreiðanlegt er, að yfirleitt þarf mjög góða málakunnáttu, vélritunarkunnáttu og jafnvel hraðritunarkunnáttu til að geta gengt því starfi. Að baki allrar þessarar kunnáttu hljóta að liggja löng námsár og starfsár. Þessi launaflokkur fékk fullar láglaunabætur núna í haust.

2 Í 7. launaflokki er að finna bréfritara, sem annast sjálfstætt bréfaskriftir á erlendum tungumálum og gjaldkera I. Eg held að yfirleitt komist kvenmenn ekki í hærri launaflokk innan VR og í honum eru byrjunarlaun 50.176 og laun eftir 7 ár 55.000



2 Ég vona að það blasi við ykkur eins og það blasir við mér, að menntun og starfsreynsla skipta tiltölulega litlu máli hvað viðkemur launakjörum okkar kvenna. Ekki verður með sannni sagt, að langskólaseta við að læra tungumál og meðferð skrifstofutækja hafi það í för með sér að við njótum hærri launa eða fríðinda eins og bílastyrkja, sem virðist fylgja menntun karlmanna í okkar þjóðfélagi.

2 Það er langt frá því, að ég sé hér með að halda því fram að bókmenntun eigi að gefa hærri laun og forréttindi. Heldur er ég að reyna að opna augu okkar fyrir því, að einnig á þessu sviði erum við settar skör lægra en karlmaðurinn.

2 Og að síðustu ætla ég að lesa hér upp fyrir ykkur greinina um rétt félagskvenna í VR til að halda óskertu kaupum vegna barnsburðar. Hún hljóðar svona:

5 "Kona, sem unnið hefur hjá sama vinnuveitanda eitt ár, skal eiga rétt á óskertu kaupum í 12 virka daga er hún er fjarverandi vegna barnsburðar".

2 Skyldi ekki mörgum vinnast eins og mér, að orðalag þessarar greinar, gefi til kynna, að konan fái enga greiðslu nema því aðeins, að hún sé ekki lengur frá vinnu vegna barnsburðar en í 12 daga og einnig að hún eigi engan rétt á því að taka við sínu starfi á ný, þótt hún bæði gæti það og vildi.

2 Baráttumál okkar kvenna hlýtur að vera það, að við fáum allar þriggja mánaða leyfi frá störfum, þegar við öllum þjóðfélaginu nýjan þegn. Kvenmenn, sem starfa hjá ríkinu, hafa þegar fengið þessu framgengt og ef kvenmenn í öðrum störfum en hjá ríki, eiga ekki að njóta sömu réttinda, verðum við að líta svo á, að í augum ráðamanna séu börn þeirra og þær sjálfar mikils-



þjod - Herdi

LNER 10/2

6

su

verðari ~~þegar~~ þegnar í okkar þjóðfélagi en við hinar og börn okkar.

Herdi